

# Tillaga að

# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arnarlax hf.<sup>1</sup>  
Kennitala: 580310-0600  
Aðsetur: Strandgata 1  
465 Bíldudalur  
Starfstöð: Laxabraut 5, Þorlákshöfn  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1179  
Leyfið gildir til: 12.07.2037<sup>2</sup>

## Starfsemi:

SS 1 - Bleikja / Salvelinus alpinus  
AE 1 - Bleikja / Salvelinus alpinus  
SS 2 - Lax / Salmo salar<sup>3</sup>  
AE 2 - Lax / Salmo salar

## Í gildi frá:

12.07.2021  
12.07.2021  
xx.xx.2022  
xx.xx.2022

Landeldi. Hámarkslífmassi 900 t. Seiða- og matfiskeldi. Frjór laxastofn: StofnFiskur.  
Bleikja: Hólar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur strjúki vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem strýkur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroka sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaeefni hjá framleiðanda hrogna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar og að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

<sup>1</sup>Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir FISK SeaFood ehf. Rekstrarleyfið hefur verið framselt á nýjan rekstraraðila sbr.heimild í 17.gr. laga nr.71/2008 um fiskeldi og ákvæða í rekstrarleyfinu.

<sup>2</sup>Leyfið var fyrst gefið út 12.júlí.2021.

<sup>3</sup>Leyfið var uppfært með tilliti til tegunda xx.xx.2021.

---

Andri Snær Þorsteinsson, sérfræðingur fiskeldisdeildar